

# Aðalfundur Skógræðingafélags Íslands haldinn í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp þann 23. mars 2011.

**Form. Aðalsteinn Sigurgeirsson** setti fundinn, fór yfir dagskrá fundarins og rakti síðan helstu viðfangsefni sem félagið hefur beitt sér fyrir á milli funda, m.a. staðið fyrir Gunnarshátíð í Haukadal þar sem hugað var að minningarlundu um Gunnar Freysteinnsson. Þegar líða tók á haustið var umræða um nýtt frumvarp til náttúruverndarlaga fyrirferðarmikil. Tók félagið virkan þátt í henni og má nefna í því sambandi að skrifaðar voru all margar blaðgreinar auk þess sem formaður mætti í viðtöl í ljósvakamiðlum, m.a. umræðuþætti Kastjóss í Sjónvarpinu.

**Þorbergur Hjalti Jónsson** gaf skýrslu um starf Námsmatsnefndar en í nefndinni sitja auk hans Sigvaldi Ásgeirsson og Einar Gunnarsson. Nefndin hefur fundað í þrígang og alls hafa borist 9 umsóknir til hennar.

**Björn Bjarndal** spurðist fyrir um umsókn sem hann hafði sent f.h. Páls Sigurðssonar. Málið verður kannað nánar.

**Arnór Snorrason** gjaldkeri skýrði framlagða reikninga félagsins. Tekjur voru kr. 48.421, gjöld kr. 26.588 og eignir samtals kr. 156.735. Undir reikninginn skrifaði einnig félagslegur skoðunarmaður, Böðvar Guðmundsson.

Jafnframt lagði Arnór til að félagsgjald yrði hækkað úr kr. 3000- í kr. 3400 en sú hækkun á að standa undir innheimtukostnaði og þeirri nýjung til hagræðis að færa kröfur á bankalínu.

Reikningarnir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Á fundinum lágu frammi þrjár tillögur:

1. Um stöðu skógræktarmála innan Stjórnarráðs Íslands.
2. Um drög að frumvarpi til laga að breytingu á lögum um náttúruvernd.
3. Ályktun aðalfundar Skógræðingafélags Íslands – Sigvaldi.

Í meðförum fundarins bættust við tillögur og niðurstaða fundarins eftir töluverðar umræður og atkvæðagreiðslur um sumar þessara tillagna var að fundurinn samþykkti fimm ályktanir:

1. Um stöðu skógræktarmála innan Stjórnarráðs Íslands.
2. Um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.
3. Skógarauðlindin og íslenskur þjóðarhagur.
4. Um löggildingu starfsheitisins skógræðingur.
5. Hvatning til stjórnvalda um stóraukningu skógræktar á Íslandi.

**Björn Bjarnald**, hvatti til þess að ályktanir færu sem fyrst í fjölmiðla.

**Friðrik Aspelund** gerði nokkrar athugasemdir við tillögur, m.a. hér vantar eitthvað. Ef ekki er gerð nánari grein fyrir athugasemdum má taka þessa klausu út.

**Þröstur Eysteins** gerði athugasemd við tillögur en auk þess upplýsti hann um stöðu mála á nýju frumvarpi til náttúruverndarlaga. Skipuð var fjögurra manna ráðherranefnd til að fara yfir framkomin drög um náttúruvernd en í nefndinni sitja auk Þrastar, Sveinn Runólfsson, Jón Geir Pétursson og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir aðstoðarmaður umhverfisráðherra. Nefndin hefur þegar skilað af sér nefndaráliti og ekki eru taldar miklar líkur á því að frumvarpið fari gegnum yfirstandandi þing.

**Bjarni Diðrik** lagði grunn að tillögu um aukna hlutdeild skógarnytja.

**Helgi Gíslason** velti fyrir sér löggildingu og mikilvægi þess að vinna að henni og hvort hægt væri að spyrða hana saman við ný skógræktarlög.

**Bjarni Diðrik** sagði að rétti aðili til löggildingar væri iðnaðarráðuneytið og þar væri stefnan sú að stöðva allar nýjar löggildingar.

**Arnór** taldi að fleiri ráðuneyti stæðu að löggildingu, t.d. menntamálaráðuneytið.

**Þorbergur** lagði til að löggildingartillögunni yrði vísað til stjórnar til að vinna frekar að úrlausn hennar.

**Sigvaldi** fjallaði ítarlega um tillögu sína og athugasemdir sem komnar voru um orðalag.

**Beggi** taldi rétt að taka ávirðingar á sauðkindina út úr tillögu Sigvalda. Taktískt rétt.

**Jón Loftsson** fjallaði um aðkomu stjórnarsýslunnar og ráðuneyta að ýmsum málum er tengjast skógrækt. Taldi þar margt ábótavant.

**Einar Gunnars** fjallaði einnig mikið um stjórnarsýsluna og hvernig hægt væri að beina sjónum manna að mikilvægi skóga, vistþjónustu skóga og hve mikilvægt væri að sýna fram á mikilvægi útivistar í samhengi við ræktaða skóga

Auk þess tóku til máls **Þröstur, Lilja, Brynjar, Einar**, og að lokum **Hallgrímur** sem lagði áherslu á að félagið þyrfti að horfa til framtíðar og efla þyrfti starf þess.

Að lokum var formanni falið að lagfæra ályktanir í samræmi við athugasemdir.

Ályktanir voru síðan samþykktar á framhaldsfundi í hádegishléi degi síðar.